

Rektor setti fund kl. 12:15.

Mættir voru auk hans:

Baldur Guðnason fulltrúi menntamálaráðherra
Hjálmar Stefán Brynjólfsson fulltrúi nemenda
Hrefna Kristmannsdóttir varafulltrúi kennara
Sólveig Ása Árnadóttir fulltrúi kennara

Fjarverandi:

Þóroddur Bjarnason fulltrúi kennara

Aðrir mættir:

Laufey Sigurðardóttir ritari rektors
Ólafur Halldórsson framkvæmdastjóri
Úlfar Hauksson forstöðumaður

Rektor kynnti dagskrá.

1. Fundargerð 265. fundar

0804046

Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.

2. Rekstraryfirlit janúar – apríl 2008

0804042

Úlfar gerði grein fyrir rekstraryfirliti janúar–apríl 2008. Rekstrarkostnaður kennsludeilda og stoðþjónustu er um 390,46 m.kr. eða 32,22% af áætlun ársins þar af 220,89 m.kr. eða 31,67% vegna kennsludeilda.

3. Ársreikningur 2007

0804040

Ársreikningur 2007 var lagður fram til kynningar. Háskólinn var rekinn með hagnaði á árinu 2007. Ársreikningi verður gerð nánari skil þegar endurskoðun hans liggur fyrir.

4. Starfs- og rekstraráætlun 2008–2010

0805048

Starfs- og rekstraráætlun 2008–2010 var samþykkt og samhliða samþykkt bókun um að áætlunin skuli endurskoðuð við gerð rekstraráætlunar hvers árs. Við þá endurskoðun verði sérstaklega hugað að frekari eflingu rannsókna með auknum fjárveitingum m.a. til að koma á fót bættri aðstöðu til rannsókna þ.m.t. tækniaðstoð við rannsóknir og annarra aðgerða til að auka rannsóknavirkni. Jafnframt var samþykkt bókun um að fela vísindaráði að endurskoða fyrir 1. október n.k. mat á störfum kennara, sbr. reglur um vinnumatssjóð, m.a. að matið endurspegli þær áherslur sem fram koma í samningi menntamálaráðuneytis og háskólans um kennslu og rannsóknir og þriggja ára starfs- og rekstraráætlun háskólans. Við þessa endurskoðun skal leitað eftir samvinnu við Háskóla Íslands sbr. samþykkt háskólaráðs 3. desember sl. um samræmdar reglur um störf háskólakennara.

5. Tillaga að reglum um gæðaráð

0804017

Frestað.

6. Samningar milli HA og NÍ

0805037 ; 0805038

Rektor gerði grein fyrir samningum við Náttúrufræðistofnun Íslands sem voru undirritaðir 5. maí sl. Annars vegar er um rammisamning að ræða og hins vegar samstarfssamning um rannsóknastofu í sameindaerfðafræði. Háskólaráð staðfesti samninginn.

7. Umsögn um frumvarp til laga um opinbera háskóla

0804079

Rektor gerði grein fyrir umsögn Háskólans á Akureyri um frumvarp til laga um opinbera háskóla. Engar athugasemdir voru gerðar við umsögnina.

8. Önnur mál

8.1 (*0805017*) Til upplýsinga var dreift bréfi frá Háskóla Íslands um skipun stjórnar Asíuaseturs Íslands. Stjórnina skipa Ingjaldur Hannibalsson prófessor og Sigríður Þorgeirsdóttir dósent sem eru tilnefnd af HÍ, Rachael Lorna Johnstone lektor tilnefnd af HA og Arngrímur Jóhannesson flugstjóri og Magnús Bjarnason framkvæmdastjóri sem eru tilnefndir af rektorum HA og HÍ.

8.2 (*0805052*) Hrefna gerði grein fyrir erindi sínu varðandi mótframlag HA vegna styrkja frá Tækjasjóði RANNÍS og ráðningu tæknimanns. Rektor var falið að ræða við deildarforseta um lausn á málinu.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 15:30.